

SAMÞYKKT

um hreinsun og losun rotþróa í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Fráveituvatni frá húsum í Eyjafjarðarsveit skal veitt um rotþrær og siturlögn skv. leiðbeiningum sem Hollustuvernd ríkisins gefur út, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra sem jafnframt annast úttekt á framkvæmdum við fráveitugerðina. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið að beita húseiganda dagsektum ef hann sinnir ekki fyrir mælum um úrbætur varðandi fráveitur og skólp svo lengi sem fyrir mæli eru ekki virt.

2. gr.

Þar sem landfræðilegar aðstæður valda því að rotþró og siturlögn eru ekki álitlegur kostur er heimilt að nota þurrsalerni. Almennt skal slík heimild þó ekki veitt nema um sé að ræða frístundahús eða skýli þar sem viðdvöl er yfirleitt stutt eða árstíðabundin. Búnaður fyrir þurrsalerni skal vera af viðurkenndri gerð og samþykktur af heilbrigðisnefnd.

3. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal fara fram með kerfisbundnum hætti, sbr. 1. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 799/1999, um meðhöndlun seyru. Óheimilt er að losa seyru úr rotþróum nema á samþykktum förgunarstöðum og er tæming þronna og meðhöndlun seyrunnar einungis heimil þeim sem til þess hafa hlotið tilskilin leyfi, sbr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

4. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal almennt ekki fara fram sjaldnar en á þriggja ára fresti. Til að standa undir kostnaði við verkið skal eigandi greiða árlegt rotþróargjald. Gjaldið skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði í 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

5. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlægð fer skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

6. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 19. mars 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.